



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur 7. mars 2008

Ákvörðun nr. 15/2008

Samruni Opinna kerfa ehf. og Titans upplýsingatækni ehf.

I.

Með bréfi frá Opnum Kerfum ehf., dags. 4. febrúar 2008, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Opinna Kerfa ehf. á öllu hlutfé í Títan upplýsingatækni ehf. (Titan). Samkeppniseftirlitinu hafði áður borist beiðni frá Frosta Bergssyni, eiganda Opinna kerfa, dags. 28. desember 2007, þar sem hann fór fram á undanþágu frá skyldu til að gera samrunaskrá skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna fyrrgreinds samruna. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. janúar 2008, var Frosta Bergssyni tilkynnt að eftirlitið gæti ekki veitt undanþágu frá gerð samrunaskrár þar sem kaupsamningurinn fæli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga þar sem veltuskilyrði væru uppfyllt. Eftirlitið veitti honum hinsvegar undanþágu til að skila inn gögnum sem varða kafla 2 til 9 í viðauka við reglur um tilkynningu samruna í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglna um tilkynningu samruna nr. 881/2005. Framsetning tilkynningarinnar miðaðist því við undanþáguna.

II.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Opin kerfi og Titan starfi bæði á upplýsingatæknimarkaði, en þau „*sérhæfa sig í sölu tölvu- og samskiptabúnaðar, auk ráðgjafar og þjónustu*“. Þá segir að Opin kerfi séu umboðs- og þjónustuaðili fyrir Hewlett Packard á Íslandi en auk þess selji fyrirtækið og þjónusti búnað frá Cisco, Alcatel, Linksys og Belkin.

III.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að



markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu. Þá má benda á að á þessum markaði starfa nokkur öflug fyrirtæki eins og t.d. Teymi og Nýherji, en ætla má að þau veiti hinu sameinaða fyrirtæki nægjanlegt samkeppnislegt aðhald.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins og samtölum við keppinauta er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Opinna kerfa og Títans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi dags. 15. desember 2007, keyptu Opín kerfi ehf. allt hlutfé í Títan upplýsingatækni ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson